

Skýrsla stjórnar Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík 2022-2023

Árið var viðburðaríkt hjá Myndhöggvarafélaginu. Félagið fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu 17. águst siðastliðin. Fjöldi fólks fagnaði með okkur á Nýlendugötunni Boðið var uppá kaffi og köku. Opnunarviðburður Hjólsins V var svo haldin í Norræna húsinu þar var halið málþing um hjólið og útilistaverk, það vel sótt og ánæja með. Þar með lauk fimmtu og loka sýningu Hjólsins og kom út vegleg bók í tilefni sýninganna og afmælissins. Verkefnið Hjólið var einstaklega vel heppnað og eftirtektarvert verkefni enda hlaut sýningin mikla athyggli og verðlaun fyrir bestu samsýningu ársins hjá Íslensku myndlistarverlaunum. Þakkar stjórn nefndarfólki, sýnendum og öllum þeim sem komu að sýningunum hjólsins fyrir ötult starf.

Höggmyndagarðurinn var endurvakinn og öflug sýningarröð hófst í september og hlaut garðurinn styrk úr miðborgar sjóði í janúar 2023 ásamt því fékk félagið rekstarar styrk frá Reykjavíkurborg til næstu 3 ára.

Jólagrautur var haldin í desember vel mætt og möndlugrautur etinn.

Félagsmaður, vinur og kolleiki Gunnar Árnason féll frá í desember við minnumst hans með minútu þögn að skýrslunni lokinni.

Við héldum þorrablot að sið myndhöggvara og var sá viðburður vel sóttur og mikil ánæja með framtakið enda fólk ánægt með að hittast aftur á þorranum. Kvæða kórinn kom og tók nokkur kvæði við eldinn, einstök steming skapaðist og fólk talaði um að þetta hefði verið besta þorrabót félagsins í ára raðir.

Mörg verk voru unnin á verkstæðum félagsins og verkefna rýmið vel nýtt. Við fengum gamla standborinn hans Gunnars og munum við finna honum góðan stað. Viðgerðir og viðhald tækja var mikil á tímabilinu og var kostnaður vegna þess talsverður vegna þess.

Samningur okkar við Brauð & Co hefur haldið áfram til þessa dags og mælst vel fyrir hjá félögum. Eins og undanfarin ár var dregið um hvaða nýliði hlyti Gíslastofu. Nýliðinn sem fékk stofuna að þessu sinni var Alexander K og hefur hann nýtt vinnustofuna vel.

Við minnumst Gúnnars Árnasonar með einnar minútu þögn.